

Ed.

365. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna, 22. nóv. 1913, um skip, árekstur og björgun.

Frá Karli Finnbogasyni.

3. gr. orðist svo:

228. gr. sömu laga orðist svo:

Nú rekast skip á, og er þá skipstjórum þeirra skylt að veita þeim skipum, skipshöfnum og farþegum, sem hætta stafar af árekstrinum, alla þá hjálp, er þeir mega og nauðsyn er á til bjargar, án þess þó að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn eða farþegum. Skylt er skipstjórum og, að segja hver öðrum nöfn og heimkynni skipa sinna, úr hvaða stað eða höfn þau koma, og hvert þeim sje ætlað að fara.